

Auglýsing

63

31. maí

um staðfesting dóms- og kirkjumálaráðuneytisins á lögreglusamþykkt fyrir Seyðisfjarðarkaupstað.

Samkvæmt lögum nr. 1, 1. janúar 1890, sbr. lög nr. 67, 28. nóv. 1919, um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina er hjermeð staðfest eftirrituð

Lögreglusamþykkt fyrir Seyðisfjarðarkaupstað.

I. KAFLI.

Um reglur og velsæmi á almannafæri.

1. gr.

Á almannafæri mega uppþot eða óspektir ekki eiga sjer stað. Ekki mega menn þyrpast saman á almannafæri svo að umferð tálmi. Þegar talað er um almannafæri í samþykkt þessari, er átt við götur, vegi eða svæði, sem almenningur fer um, eða ætlað er til almenningsafnota, svo sem leikvellir, aðrir almennir samkomustaðir, sölutorg, bryggjur, bólvirki o. s. frv.

2. gr.

Þegar fjölmenni safnast á almannafæri, þar á meðal við dyr kirkju, sölubúða, leikhúss eða annara samkomuhúsa og annarstaðar þar, sem almenningur kemur saman, þá skulu menn haga sjer eftir fyrirmælum lögregluvaldsins til varðveislu góðri reglu.

3. gr.

Allir, sem fara um götur bæjarins, hvort heldur gangandi, ríðandi, í vagni, í bifreið, á hjólum eða öðum farkosti, skulu, þá er þeir mæta einhverjum, eða einhver þarf að komast framfyrir þá, víkja til vinstri handar. Við krossgötu skal, er þörf gjörist, sá bíða, sem er til vinstri handar.

4. gr.

Á almannafæri má ekki fljúgast á, æpa, kalla, blístra, syngja hátt, eða hafa í frammi annan hávaða, eða ofsalegt eða móðgandi háttalag, sem raskar allsherjarreglu, eða ónáðar vegfarendur eða þá sem í grend búa.

5. gr.

Enginn má að ófyrirsynju, berja á dyr eða glugga, hringja dyrþjöllum eða hafast neitt það að, sem ónáðar húsbúendur.

63

31. maí

Á fjölförnum götum, eða þar sem hætta getur af stafað, má ekki leika knattleik, paradís, feluleik nje annað þvílíkt, ekki gjöra rennibrautir, renna sjer á skautum eða sleðum nje hafa um hönd aðrar skemtanir, sem hindrað geta umferðina. Sömuleiðis er bannað að hanga utan á vögnum, sleðum eða bifreiðum, sem eru á ferð um göturnar, eða festa við þá sleða, handvagna eða annað, er valdið getur óþægindum eða hættu.

7. gr.

Eigi má skjóta af byssum, skammbyssum, lyklabyssum, örvabogum eða öðrum skotvopnum á eða yfir almannaferi. Á höfninni má alls ekki skjóta úr kúlubyssum. Á almannaferi má eigi heldur kveikja í púðri, skoteldum eða sprengi efnum, nema með leyfi lögreglustjóra. Nauðsynlegar sprengingar vegna mannvirkja má aðeins gjöra með sjerstöku samþykki lögreglustjóra og ber bæði verkstjóri og sá, sem vinna lætur, ábyrgð á, að allrar varúðar sje gætt.

8. gr.

Það er bannað að sýna af sjer hneykslanlega hegðun á almannaferi, svo sem með því að brúka þar ölæðislæti, eða vera ósjálfbjarga fyrir drykkjuskap, einnig með því að viðhafa ósæmileg orð eða látbragð, ennfremur með því að ganga dulklæddir, eða í búningi, sem misþýður velsæmi, eða fletta sig klæðum eða gjöra þarfir sínar á hneykslanlegan hátt o. s. frv.

Þá menn, sem sökum ölæðis hafa í frammi hávaða á almannaferi með hrópi, köllum eða á annan hátt, eða sýna af sjer óskunda, svo sem með höggum eða barsmíð, má setja í varðhald, og skulu þeir sæta sektum, eigi minni en 50 krónum.

9. gr.

Enginn má baða sig eða synda nakinn svo nærri bústöðum manna, bryggjum eða skipum á höfninni, að hneyksli valdi.

10. gr.

Hver sá, sem staddur er á almannaferi, er skyldur að segja til nafns síns og heimilis, þegar lögreglan krefst þess.

11. gr.

Til þess að afstýra óspektum og hverskonar óreglu á almannaferi, getur lögreglan krafid sjer til aðstoðar hvern fulltíða karlmann. Skulu þeir sektum sæta, er undan skorast, en verði menn fyrir tjóni á fatnaði eða limum við að aðstoða lögregluna, skal það að fullu bætt úr bæjarsjóði, en bæjarsjóður á aðgang að hinum seku.

II. KAFLI.

Ákvarðanir til að afstýra tálmunum og hættum fyrir umferðina.

63
31. maí

12. gr.

Enginn má ótilkvaddur slökkva eða kveikja á götuljóskerum bæjarins.

Enginn má taka vatn úr brunahönum bæjarins eða hreyfa við þeim að neinu leyti, nema slökkviliðsstjóri hafi gefið leyfi til þess.

Enginn má snerta við brunaboðum bæjarins, nema vart þurfi að gjöra um eldsvoða.

Brot gegn þessari grein varða sektum, er ekki sjeu lægri en 50 krónur.

13. gr.

Án leyfis lögreglustjóra má enginn setjast að á almannafæri til að selja vörur eða reka aðra atvinnu, og sje slíkt leyfi veitt, þá aðeins á þeim stað, sem leyfið tiltekur. Börn yngri en 14 ára mega alls ekki selja vörur á almannafæri. Þó skal hverjum þeim, sem eldri er en 8 ára, heimilt að selja dagblöð, frjettablöð og bækur, svo og aðgöngumiða að samkomum og dagskrár og merki, er gilda fyrir sjerstaka hátíðisdaga.

14. gr.

Án leyfis hlutaðeigandi húsráðanda, má enginn láta fyrirberast á húslóðum, á húsríðum, í garðshliðum eða á öðrum stöðum, þar sem inn er gengið í hús eða á húslóðir, nje fara inn í híbýli hans í söluerindum.

15. gr.

Stjettir fram með götum skulu eingöngu ætlaðar gangandi mönnum, eftir þeim má eigi fara með sleða, reiðhjól, hjólbörur, vagn nje önnur aktól, nema barnavagna, og eigi bera, draga, velta eða flytja með sjer á annan hátt, fyrirferðarmikla hluti, svo sem tunnur, hey eða annað, sem tálmar umferðinni. Ljái, gaddahrifur, skotvopn eða aðra hluti, sem tjón getur hlotist af, má aðeins flytja eftir götunni sjálfri, og skal svo um þá húið, að engin hætta stafi af þeim. Hlaðnar byssur má ekki bera á götum bæjarins eða annarsstaðar á almannafæri. Byssur skal ætíð bera þannig að opið viti upp.

16. gr.

Á almannafæri má ekki leggja eða setja neitt það, sem tálmar umferðinni. Þó mega þeir, sem flytja að sjer vörur, eldivið, hey eða annað slíkt, og eigi geta lagt það frá sjer á sjálf síns lóð, leggja það á torg og götur meðan á flutningnum stendur, en gæta skal þess, að það geri sem minstan farartálma. Að flutningnum loknum skulu þeir hreinsa vandlega götuna eða torgið, sem notað var. Bifreiðar, vagnar, hjólbörur og sleðar mega ekki standa á götum lengur en nauðsynlegt er til að tæma þá og fylla, og aldrei mega slík tæki standa á gangstjettum. Bæj-

63 arstjórn og lögreglustjóri ákveða, hvar á götum eða torgum megi standa 31. maí vagnar eða bifreiðar og setur reglur þar að lútandi.

17. gr.

Á almannafæri má eigi vinna neitt, er hindrar umferðina eða gerir hana hættulega, t. a. m. telgja við, höggva grjót, járna hesta eða því um líkt. Á götum eða strætum nje á veggsvölum, gluggum eða dyrum, sem vita að götu eða stræti, má eigi heldur hrista gólfteppi, viðra sængurföt eða hengja föt til þerris eða þesskonar.

18. gr.

Vöruskápa, sjálfsala, gluggaskýlur, auglýsingaspjöld eða annað þess háttar má eigi hengja utan á hús þannig, að óþægindum valdi á almannafæri, að dómi lögreglunnar. Í opnum gluggum, sem vita að almannafæri, má eigi láta standa jurtaþotta eða neitt það, er fallið getur niður og valdið tjóni.

19. gr.

Eigi má fleygja glerbrotum, steinum, nöglum, hálmi, ávaxtahýði, pappírsrusli eða öðru þesskonar á almannafæri nje heldur skvetta þar vatni eða öðru, er valdið getur hættu eða óþægindum fyrir vegfarendur.

20. gr.

Foreldrum og öðrum hlutaðeigendum er skylt að annast um, að tilhlýðilegt eftirlit sje haft með óstálpuðum börnum, sem eru á þeirra vegum, þegar þau eru á almannafæri. Börn, yngri en 10 ára, mega ekki vera á almannafæri seinna en kl. 10 á kvöldin á tímabilinu frá 1. september til 14 maí og ekki seinna en kl. 12, frá 15. maí til 31. ágúst, nema þau sjeu í fylgd með fullorðnum.

21. gr.

Enginn má gera skurð í gangstjettir, götur eða torg bæjarins, nje raska þeim á neinn hátt, nema hann hafi til þess leyfi bæjarstjórnar og lögreglustjóra. Slík verk skulu unnin þannig, að sem minstur farartálmi sje að, og atíð skal þess gætt, að vegfarendur sjeu aðvaraðir um farartálmann með nægilega greinilegum ljósum, er loga skulu frá því er dimma fer að kvöldi til þess að bjart er að morgni. Að öðru leyti gerir lögreglustjóri þar ráðstafanir, er honum þykir þurfa, til að afstýra hættu fyrir vegfarendur. Getur hann bannað umferð um götuna að nokkru eða öllu leyti meðan á verkinu stendur eða skipað fyrir um hvernig umferðinni skuli hagað. Ef slíkt verk dregst úr hófi fram, eftir að byrjað er á því, getur lögreglustjóri látið ljúka verkinu, eða setja götuna í samt lag aftur á kostnað þess, sem verkið átti að framkvæma.

22. gr.

63

31. maí

Þegar nýtt hús er byggt eða eldra hús rifið og byggt upp að nokkru eða öllu leyti, er eiganda þess, ef húsið liggur við almannafæri, skylt að skýra lög-
reglustjóra frá, áður en verkið byrjar og sanna fyrir honum heimild sína til
verksins. Hann skal haga sjer eftir þeim fyrirmælum, sem lögreglustjóri setur,
til að afstýra farartálma og hættu eða óþægindum fyrir vegfarendur. Verkfæri
og verkefni má ekki leggja hjá sjer á almannafæri, nema þar sem lögreglustjóri
leyfir og eigi má það liggja þar lengur, en nauðsyn krefur. Mold, mól, leyfar af
verkefni og annað, er af byggingunni stafar, skal eigandi færa burtu, er húsa-
gerðinni er svo langt komið, að því verði við komið. Girðingar, sem kunna að
hafa verið reistar til að afstýra hættu eða farartálma, skal taka burtu þegar
í stað, þegar lögreglan krefst þess.

Nú brennur hús eða mannvirki, eða það er tekið burtu án þess að annað
sje gert í staðinn, og er þá eiganda skylt að ganga svo frá hússtaðinu, að ekki
stafi hætta, óþrifnaður eða óprýði af.

23. gr.

Pallar, stoðir og annar umbúnaður þesskonar, sem notaður er við húsa-
smíðar og aðrar byggingar eða viðgerðir á húsum, skal vera nægilega traustur,
og þeir sem nota hann, skulu vera gætnir og áreiðanlegir menn. Á slíkum pöll-
um utanverðum skal vera a. m. k. 20 cm. há brík og handrið, eða reipi í brjóst-
hæð. Lausir stigar, sem notaðir eru við byggingar eða viðgerðir á húsum,
málun, gluggaþvott eða annað þesskonar, skulu vera nægilega traustir og kjálk-
arnir búnir járn göddum að neðan, ef stiginn er meira en 4 metra langur.

Lausir stigar mega ekki standa við húsvegg á almannafæri eftir að dimt
er orðið.

Brot á þessari grein er á ábyrgð þess, er verkið annast, eða ef hann er
eigi tilgreindur, þá á ábyrgð húseiganda.

24. gr.

Nú er hús, eða hluti af húsi, svo hrörlegt að hætt er við hruni, og getur
lögreglustjóri þá bannað að nota húsið og lagt fyrir eiganda að rífa það eða
endurbæta svo, sem þörf gerist til að afstýra hættu. Ennfremur getur lögreglu-
stjóri á kostnað eigandans gert aðrar ráðstafanir, sem hann telur nauðsynlegar
til að afstýra hættu fyrir vegfarendur og aðra. Ákvæði þessi ná einnig til þess,
þegar grjótgarði, skíðgarði eða öðrum girðingum liggur við falli eða hruni.

25. gr.

Handavinna og önnur áhöld, sem notuð eru til að hefja upp eða renna
niður vörum eða öðru úr húsum, skulu vera nægilega traust og þeir, sem nota
þau, skulu vera gætnir og áreiðanlegir.

63

31. maí

26. gr.

Nú gengur kjallaragangrið út að stjett eða götu og lengra fram en húshlið og skal þá vera traust handrið beggja megin við þau, og auk þess getur lögreglustjóri krafist, að kjallaraopið sje byrgt með hlemm eða hlera frá því dirmir að kvöldi þar til birtir að morgni.

Í kringum birtugrófir við stjett eða götu, skal setja handrið úr járn eða öðrum málni, eða nægilega sterkar járngrindur yfir, jafnhátt stjettinni eða götunni. Handrið samkvæmt þessari grein mega ekki vera lægri en 60 centimetrar.

27. gr.

Um þakrennur og rennsli frá húsum, göturæsi eða rennur, skal svo umbúið, sem fyrir er mælt í byggingarsamþykkt kaupstaðarins.

28. gr.

Stórt grjót, sem til tálmunar er skipum, bátum eða fyrirdráttum, má ekki liggja víðsvegar í fjörum, heldur skulu þeir, sem það eiga, flytja það burt eða saman, eftir fyrirsögn lögreglustjóra.

29. gr.

Þegar ís leggur á Fjarðará, Garðarstjörnina eða höfnina, má enginn fara út á hann fyr en orðinn er vel heldur, og getur lögreglustjóri bannað alla umferð um hann. Enginn má taka ís af Garðarstjörninni nje höggva í hann vakir án leyfis bæjarstjórnar.

30. gr.

Í fjörunni má ekki skilja eftir eða kasta seglfestugrjóti eða neinu öðru, er tjóni getur valdið skipum eða bátum eða á nokkurn hátt hindrað umferð.

III. KAFLI.

Um reið, lestarflutning og akstur á götum bæjarins.

31. gr.

Þeir, sem aka eða ríða um götur bæjarins, skulu gæta tilhlýðilegrar varkárni, einkum er þeir fara fyrir götuhorn, yfir þvera götu eða fram úr hliðum. Þeir eru skyldir að nema staðar þegar í stað, gefi lögreglan þeim merki til þess.

Á almannafæri má ekki ríða eða aka harðara en á hægu brokki, og þar sem mikil er umferð, gatan mjó, brú eða farartálmi á veginum, skal aðeins fara fót fyrir fót. Lögreglan getur skipað svo fyrir, hvenær, sem nauðsyn þykir, að fara skuli aðeins fót fyrir fót á tilteknu svæði, og þar sem margir vagnar koma saman á einn stað, getur hún raðað þeim eða látið þá nema staðar um stund.

Ríðandi menn og vagnstjórar skulu í tæka tíð gjöra viðvart mönnum, sem á undan þeim eru. Eigi má aka eða ríða um gangstjettir.

32. gr.

63

31. maí

Það er algjörlega bannað að ríða, beita fyrir vagna eða flytja farangur á höltum eða meiddum hestum, horuðum eða sem af öðrum ástæðum eru svo illa á sig komnir, að ekki hafi fullan þrótt. Hestar, sem bíta eða slá, skulu auðkendir á þann hátt, að áberandi skúfur sje festur í ennistopp eða tagl.

33. gr.

Ríðandi mönnum, lestamönnum og öðrum, er farangur flytja á áburðarhestum, er skylt að víkja úr vegi og jafnvel út af götunni fyrir vögnum, er þeir mæta, ef vagninn kemst ekki leiðar sinnar að öðrum kosti. Með áburðarhesta má ekki hafa lengri viðdvöl á götunum en nauðsynlegt er til að taka ofan eða láta upp klyfjar.

34. gr.

Vagnar skulu vera svo sterkir og vandaðir að smíði, að ekki sje hætt við bilun. Þeir mega ekki vera svo stórir um sig að þeir hindri umferðina. Vagnar, sem notaðir eru til mjólkurflutnings eða annars flutnings sjerstakrar tegundar, skulu gerðir eins og fyrir kann að verða mælt í sjerstökum reglugjörðum.

Aktýgin skulu vera haldgóð og hesturinn vel girtur við vagninn.

Sæti ökumanns skal haga þannig á vagni, að hann sjái bæði vel fram undan og til beggja hliða. Ef hlassið er svo fyrirferðarmikið að það byrgi útsýnið er ökumanni skylt að ganga vinstra megin við vagninn og teyma eykinn.

35. gr.

Ökumenn og vagnstjórar skulu vera nógu sterkir og þroskaðir til þes starfa, enda hafi þeim verið kent að stýra vagni og hesti af æfðum ökumanni. Hesta má ekki slá með öðru en þar til gjörðum keyrum eða ólarsvipum. Virsvipur eða prik nje annað, sem sakað getur hestinn, má ekki nota. Aldrei má slá hest í höfuð, fatur eða nára.

36. gr.

Vagnhlassið má ekki vera þyngra en svo, að vagninn beri það og hestinum veiti ljett að draga það. Því á að vera komið fyrir á vagninum, og fest svo, að það ekki haggist. Það má hvorki ná langt út af vagninum nje dragast með jörðu. Um málmvarning skal svo búið, að sem minstum hávaða valdi.

Sami ökumaður má ekki fara með fleiri en tvo vagna. Ekki má festa neitt aftan í vagna, sem hestum er beitt fyrir, og ekki má aka tveim eða fleiri vögnum samhliða. Eigi má nema einn maður ríða samhliða vagni.

37. gr.

Með vagna og hesta má aðeins fara eftir þeim hluta vegar, sem ætlaður er til aksturs, en ekki eftir götum eða gangstjettum, sem ætlaðar eru til sjer-

63 stakra afnota. Ef gata í bænum er þröng eða mjög mikil umferð um hana, getur
31. maí lögreglustjóri bannað þar alla vagnaumferð, enda sje það auglýst með spjalði á gatnamótum.

38. gr.

Með vagna og hesta skal fara svo nærri vegabrún eða gangstjett til vinstri handar, sem auðið er. Um götuhörn skal aka í kröppum boga, ef snúið er við til vinstri handar, en í löngum boga, ef snúið er til hægri. Á götuhörnum og gatnamótum er bannað að aka fram fyrir vagn eða hest, sem á undan fer.

39. gr.

Það er bannað að aka eða ríða á móti skrudgöngum og líkfylgdum, eða fram hjá þeim. Skal víkja úr vegi, ef unt er, ella nema staðar, meðan þær fara fram hjá.

40. gr.

Á miðri götu má ekki nema staðar með hesta eða vagna, heldur skal það gjört sem næst götujúðri eða gangstjett, og skal þá snúa vagninum þannig, að jafnhliða sje götujúðri eða gangstjett. Það er bannað að nema staðar með hest eða vagn á gatnamótum eða fast við þau. Ekki má nema staðar þar, sem hestur eða vagn heldur kyrru fyrir beint á móti hinu megin á götunni.

41. gr.

Ökumenn og ríðandi menn mega ekki yfirgefa hesta sína á almannaferi nema annar maður haldi í taumana eða hesturinn sje bundinn tryggilega. Á almannaferi má ekki taka beisli af hesti, sem beitt er fyrir vagn, nema meðan honum er gefið. Láti nokkur hesta standa fyrir hlöðnum vagni eða undir klyfjum lengur en brýn nauðsyn krefur, getur lögreglan látið taka hesta frá vagni og undan klyfjum, og komið þeim til varðveislu á kostnað þess, sem flutningnum stýrir. Sama gildir og um hesta, sem látnir eru standa úti í kulda sveittir eða ferðalúnir, eða bundnir óhæfilega lengi, án þess að þeim sje gefið hey eða annað fóður.

42. gr.

Um sleða, sem hestum er beitt fyrir, gilda sömu reglur og um vagna, að því viðbættu, að á aktýgi hestsins skal festa bjöllur; þannig gerðar, að til þeirra heyrist í hæfilegri fjarlægð.

Framanskráðar reglur um vagna gilda einnig fyrir hjól og bifreiðar, eftir því sem við á, auk sjerreglna þeirra, sem hjer fara á eftir.

43. gr.

Slökkviliðið er undanþegið framanskráðum ákvæðum um vagna. Skulu allir víkja úr vegi fyrir því, svo fljótt sem auðið er. Sama gildir um sjúkravagna.

IV. KAFLI.

Um bifreiðar.

63

31. maí

44. gr.

Bifreið nefnist í samþykkt þessari hvert það ökutæki, sem knúð er áfram með aflvjel í ökutækinu sjálfu og ætlað er til að flytja fólk eða varning. Samþykktin nær þó ekki til vagna, sem renna á spori, eða ökutækja, sem notuð eru eingöngu af slökkviliði.

45. gr.

Lögreglustjóri getur takmarkað eða bannað umferð bifreiða á einstökum götum, ef slík umferð álist hættuleg eða til sjerlegra óþæginda. Sömu leiðis getur lögreglustjóri bannað eða takmarkað bifreiðaferðir innanbæjar að næturlagi.

46. gr.

Um gerð bifreiða fer eftir 3., 6., 10. og 12. gr. í lögum um notkun bifreiða frá 14. nóvember 1917, og reglugjörð um bifreiðar 28. apríl 1915, eða þeim lögum og reglugjörðum, er síðar kunna að verða settar þar að lútandi.

Ljós á bifreiðum skal tendra ekki síðar en götuljósker.

47. gr.

Bifreiðaeigendur, búsettir í bænum, skulu tilkynna lögreglustjóra um bifreið sína. Mega þeir eigi byrja að nota bifreið, fyr en lögreglustjóri hefir látið skoða hana, og greiði bifreiðareigandi kostnaðinn við skoðunina. Síðan skal sett merki á bifreiðina áletrað: SF og tölumerki. Merkið skal setja aftan á bifreiðina svo að glögt sjáist, og má aldrei hylja það. Verði eigandaskifti að bifreið, skal þegar tilkynna það lögreglustjóra.

Lögreglustjóri ákveður farþegafjölda, sem vera má í hverri bifreið; mega þeir aldrei vera fleiri, enda skal bifreiðarstjóri ætíð hafa í höndum skírteini lögreglustjóra, er tiltekur farþegafjölda.

48. gr.

Bifreiðarstjóri má enginn vera, nema hann hafi náð lögmaeltum aldri til þess og hafi ökuskírteini, er heimili honum að stýra bifreið.

Bifreiðarstjóri skal hafa einkennishúfu og framan á henni skulu standa skrásetningarstafir og tölumerki skírteinis hans.

Bifreiðarstjóri má ekki sleppa hendi af stýri bifreiðar, meðan ekið er og ekki heldur reykja tóbak eða tala við farþega.

Bifreiðarstjóri má ekki neyta áfengra drykkja nje vera undir áfengisáhrifum við bifreiðakstur.

63

31. maí

Ökuhraða bifreiða skal ávalt temprá svo, að komist verði hjá slysum og þannig, að umferð sje ekki trufluð. Má ökuhraðinn aldrei vera meiri en 12 kílómetrar á klukkustund. Við gatnamót, krappar vegbugður og þar sem vegur er sleipur, skal aldrei aka hraðara en svo, að stöðva megi bifreið á svipstundu.

49. gr.

50. gr.

Mæti bifreið vögnum eða vegfarendum, þar sem hvorugir komast framhjá öðrum, skal bifreiðin aka til baka, þar til hinir komast framhjá.

51. gr.

Bifreiðarstjóri skal gefa hljóðmerki með horni sínu í tæka tíð, og nætt getur verið við árekstri og ávalt áður en kemur að götuhornum eða gatnamótum og er hann ekur bifreiðinni aftur á bak.

Ekki má gefa hljóðmerki þegar farið er framhjá hestum eða ef þeir eru í nánd og hræðast hljóðið. Bifreiðastjórar skulu gæta þess, að gjöra eigi hávaða um nauðsyn fram og bera ábyrgð á því, að farþegar í vögnum þeirra gjöri eigi hávaða með söng eða öðru.

52. gr.

Bannað er að nota til eldsneytis á bifreiðar steinolíu eða annað, sem reykur stafar af.

53. gr.

Vilji slys til í sambandi við notkun bifreiða, skal bifreiðarstjóri þegar stöðva bifreiðina, skýra frá nafni sínu og heimilisfangi, ef krafist er, og hjálpa þeim, sem slasast hefir.

Ef hestur fælist eða verður órór, skal bifreiðarstjóri þegar í stað stöðva bifreið sína og gangvjel hennar.

Bifreiðarstjóri skal og ávalt stöðva bifreið, ef lögreglan gefur honum merki um að nema staðar.

54. gr.

Að öðru leyti skal fara eftir ákvæðum bifreiðarlaganna og reglugjörðum um þeim, sem settar eru eða settar verða samkvæmt lögum um notkun bifreiða.

V. KAFLI.

Um reiðhjól.

55. gr.

Þeir, sem fara um götur bæjarins á reiðhjólum, skulu gæta þess, er hjer segir:

- a. Á hjólum mega ekki í senn vera fleiri menn, en hjólin eru gjörð fyrir. Sá, er stýrir hjólum, skal ætíð halda að minsta kosti annari hendi um stýrið og hafa báðar fætur á stigsveifum. Enginn má flytja með sjer á hjólum hluti, sem valdið geta hættu eða hindrað umferð. 63
31. maí
- b. Á hverju hjóli skal vera bjalla, sem gefur hvelt hljóð, en ekki horn, og skal hjólamaður láta til hennar heyra, ef hætt er við árekstri og ætíð við götu-horn og gatnamót.
- c. Á hverjum hjólum skal, þegar dimt er, vera tendrað ljósker, er lýsi framundan hjólunum. Ljósín skulu tendruð eigi síðar en götuljósker.
- d. Ökuhraði á hjólum má ekki vera meiri en 12 kílómetrar á klukkustund, og þar sem hjólamaður sjer skamt framundan á vegbugðum og gatnamótum, þar sem mikil er umferð og þar sem vegur er sleipur, má eigi aka hraðara en svo, að stöðva megi hjólin þegar í stað. Sje for og bleyta á götum, má eigi aka svo hart, að slettum valdi. Skylt er hjólamanni að nema staðar, ef reið hans veldur hestum fælni eða óróa.
- e. Byrjendur mega ekki æfa sig á hjólum á götum bæjarins. Ekki má hjóla á gangstjettum nje yfir þær og ekki inn eða út úr hliðum.
- f. Vilji slysi til stafandi af hjólreið, skal hjólamaður þegar nema staðar, skýra frá nafni sínu og heimili, sje þess krafist og veita þeim hjálp, sem slasast. Hjólamaður skal þegar nema staðar, gefi lögreglan merki um það. Eigandi hjóla ber ábyrgð á brotum á samþykkt þessari, ef hann lánar þau þeim, sem er yngri en 15 ára.

VI. KAFLI.

Um rekstur gripa og fjenaðar um götur bæjarins.

56. gr.

Alifugla og svín má eigi hafa á kaupstaðarlóðinni frá 1. maí til 1. október, nema þeir sjeu á afgirtu svæði eða í öruggri vörslu. Þó má hafa hænsn, hagi svo til að þau geti engan skaða gert í gördum.

57. gr.

Sauðfjenaður og geitfje má ekki ganga laus inn í sjálfum bænum frekar en nauðsyn krefur til að reka hann úr og í haga eða til vatns.

Þeir, sem sauðfje eiga, skulu skyldir að annast fjallskil eftir fyrirmælum bæjarstjórnar.

Eigi má láta hesta eða kýr ganga lausa um götur bæjarins frekar en nauðsyn krefur til að reka þá í haga eða til vatns. Fælnir og hrekkjóttir hestar mega aldrei ganga lausir á götum í bænum. Ekki má láta hesta standa á eða við götur, heldur skulu þeir látnir í rjettir eða geymdir að húsabaki. Aðkomu-menn mega ekki sleppa hestum sínum í landi bæjarins annarsstaðar en þar, sem bæjarstjórn ákveður.

63

31. maí

58. gr.

Á götum bæjarins mega ríðandi menn eigi teyma meira en tvo hesta við hlið sjer. Eigi má heldur teyma meira en einn hest samhliða vagni eða hjólum, nje fleiri en tvo lausa hesta samhliða. Lausa hesta má ekki reka í hópum um göturnar, nema gengið sje eða riðið hægt á undan.

59. gr.

Naut, sem farið er með um bæinn, skulu ávalt leidd í bandi nægilega traustu, og nægir gæslumenn fylgja. Algrlega er bannað að binda nautgripi í tagl á hesti. Naut mega ekki standa úti gæslulaus.

60. gr.

Um hrossarekstra og sauðfjárrekstra, sem koma til bæjarins til útflutnings eða slátrunar, gerir lögreglustjóri þær fyrirskipanir, sem nauðsynlegar þykja til að afstýra farartálma eða hættu fyrir vegfarendur.

VII. KAFLI.

Um hunda.

61. gr.

Skyldur er hver hundeigandi að hafa helsi á hundi sínum með áletruðu SF og tölu.

Hver hundur, sem ekki fylgir utanbæjarmanni og ekki ber umrætt helsi, er rjettdræpur, ef eigandi hirðir hann ekki og greiðir áfallinn kostnað innan hálfsmánaðar eftir að hundurinn hefir verið auglýstur. Rjettdræpir eru einnig þeir hundar, sem raska svefnfriði manna með gelti og spangóli á næturþeli og skulu eigendur þeirra sæta sektum eftir samþykkt þessari.

62. gr.

Grimma hunda og hunda, sem hafa þann vana að ónáða menn og hræða með glepsi, urri eða gelti eða hlaupa í hesta, sem riðið er um götur bæjarins, ber eigendum að binda eða mýlá forsvaranlega, að viðlagðri sekt.

63. gr.

Enginn má siga hundi á mann nje láta farast fyrir að aftra hundi sínum, þegar hann verður var við að hann ræðst á menn. Hver sem brýtur á móti þessu skal sæta sektum, þó ekkert tjón hafi hlotist af. Það er og bannað að egna hunda eða siga þeim saman.

64. gr.

Blóðhunda eða grimma hunda, má ekki nota til vörslu, hvorki utan húss nje innan.

65. gr.

Skylt er lögreglustjórninni að hafa sjerstakt eftirlit með því, að hunda-⁶³ eigendur komi hundum sínum til lækninga, samkvæmt því, sem mælt er fyrir ^{31. maí} í reglugjörð bæjarins um lækning hunda af bandormum.

VIII. KAFLI.

Um friðun almennings eigna og einstakra manna.

66. gr.

Mannvirki og hluti, hverju nafni sem nefnast, er ætlaðir eru til almenningsnota, eða til þrýðis á almannafæri, svo sem minnisvarða, vatnsból, brunahana, brunaboða, síma, rafleiðslutæki, götuljósker, nafnspjöld og töluspjöld á götum og húsum, bekki, girðingar og annað þessháttar, má enginn skemma eða færa úr stað, eigi heldur ata eða saurga, rita, rispa, tjarga, mála eða teikna á þá. Þetta á einnig við um þann hluta af húsum, múr og trjegirðingum og annað, sem liggur að almannafæri.

67. gr.

Enginn má skemma nje taka niður girðingar í landi bæjarins, klifra upp á eða yfir girðingar, sem settar eru fram með götum, strætum eða kringum tún og garða.

Enginn má skemma eða troða ræktaða bletti, grasreiti eða trjagarða, hvort sem eru girtir eða ógirtir.

68. gr.

Í kirkjugarðinum mega engir leikir eða önnur ótilhlýðileg hegðun eiga sjer stað. Trje eða jurtir, sem gróðursett eru á grafreitum eða leiðum, má enginn rífa upp eða færa burtu nje spilla eða saurga grafreitina á nokkurn hátt. Enginn má hafa með sjer hund inn í kirkjugarðinn. Skepnun má eigi beita í kirkjugarðinum.

Börn, yngri en 14 ára, mega ekki vera í kirkjugarðinum, nema í fylgd með fullorðnum, sem ber ábyrgð á framferði þeirra.

IX. KAFLI.

Um götuspjöld, húsnúmer og uppfestar auglýsingar.

69. gr.

Bæjarstjórnin ákveður nöfn á götum og lætur festa upp nafnspjöld eða mála götunöfnin á götuhornum, þar sem þurfa þykir.

Töluspjöldum, sem bæjarstjórn lætur festa á hús til að tákna húsaröð, skulu húseigendur halda við á sinn kostnað og endurnýja, ef á þarf að halda.

63

31. maí

70. gr.

Bæjarstjórnin ákveður hvar festa skuli upp auglýsingar frá yfirvöldun-
um. Bæjarsjóður kostar spjöld eða kassa í því skyni.

Auglýsingar um sjónleiki og aðrar skemtanir og samkomur, sem leyft er
að halda, má festa upp hvar sem er með samþykki hlutaðeigandi húsráðanda.

Aðrar auglýsingar má festa upp á sama hátt, þá er lögreglustjóra hafa
verið sendar þær, samkvæmt prentfrelsislögunum.

71. gr.

Uppfestar auglýsingar skulu hlutaðeigendur taka niður þegar þær hafa
fullnægt tilgangi sínum.

Löglega uppfestar auglýsingar má enginn rífa niður, saurga eða breyta
eða gjöra ólésilegar á annan hátt.

X. KAFLI.

Um veitingahús, skemtistaði og almennar skemtanir.

72. gr.

Allir staðir, þar sem höfð er á hendi almenn veitingasala matar og drykkj-
ar, eða gististaðir fyrir almenning, skulu háðir sjerstöku eftirliti lögreglunnar, og
skal henni heimill umgangur um húsakynni þau, sem notuð eru í sambandi við
veitingar.

Á öllum gistihúsum skal haldin nákvæm gestaskrá.

73. gr.

Á almennum veitingastöðum eða samkomustöðum má enginn hafa í
frammi ofsalegt atferli eða hávaða, svo að aðrir gestir, húsbóndi eða heimilis-
fólk eða nágrannar hafi ónæði af. Þar má heldur eigi sýna af sjer ósæmilega
eða hneykslanlega hegðun, eða hafa áhættuspil um hönd. Óheimilt er að láta
drukknnum manni í tje neinskonar veitingar umfram lífsnauðsynjar á almennum
veitinga- eða samkomustað.

Hverjum þeim, sem hefir á hendi veitingasölu, matar og drykkja, eða
selur gistingar, er skylt að gjöra það, sem í hans valdi stendur til að afstýra
því, að neitt það fari fram í híbýlum hans, sem er á móti góðri reglu og
velsæmi.

74. gr.

Allir veitingastaðir skulu vera lokaðir frá kl. 11½ að kvöldi til kl 6 að
morgni, og allir gestir, sem eigi hafa náttstað, skulu hafa farið út eigi síðar en
½ stundu eftir að lokað er. Þó má selja ferðamönnum beina á hvaða tíma sem
er, og heimilt skal fjelögum að halda samkvæmi, dansleiki eða aðrar skemtanir

framyfir lokunartíma, ef eigi taka þátt í því aðrir en fjelagsmenn og gestir þeirra. Ennfremur mega brúðkaup og önnur boð standa fram yfir hinn til- **63**
tekna tíma. **31. maí**

75. gr.

Enginn má halda sjónleiki fyrir borgun, nema hann fái til þess leyfi lögreglustjóra, er ákveður, í samráði við bæjarstjórn, hve mikið skuli greiða í bæjarsjóð fyrir hverja sýningu. Leyfi lögreglustjóra þarf einnig til að halda sjónleiki borgunarlaust, eða í velgjörðarskyuni, eða til að styrkja fyrirtæki í almenningsþarfir, en fyrir slíka sjónleiki skal ekkert gjald greiða í bæjarsjóð. Íþróttasýningar, myndasýningar, töfrásýningar o. s. frv. eru sömu reglum háðar sem sjónleikir.

76. gr.

Föst kvikmyndaleikhús má ekki starfrækja í bænum nema með leyfi lögreglustjóra og bæjarstjórnar og með þeim skilyrðum, að því er útbúnað og loft- rými snertir, sem hún tiltekur. Ákveður bæjarstjórnin hve mikið gjald skuli greiða í bæjarsjóð, annaðhvort árlega eða fyrir hverja sýningu. Lögreglustjóri getur veitt leyfi til að halda eina og eina sýningu, og ákveður þá gjaldið í bæjarsjóð.

77. gr.

Enginn má fyrir borgun halda opinbera samsöngva eða aðrar söngskemt- anir nje heldur dansleiki, án leyfis lögreglustjóra, er ákveður hvert gjald skuli greiða í bæjarsjóð. Gjald þetta má þó ekki fara fram úr 10 krónum fyrir hverja skemtun. Án leyfis lögreglustjóra má og ekki kveikja skotelda nje ganga með blyslögandi.

Auk gjalds þess í bæjarsjóð, fyrir skemtunir, sem getur í þessum kafla, skal greiða skemtanaskatt, sem ákveðin kann að verða með reglugjörð samkvæmt lögum 22. nóvember 1918 um skemtanaskatt.

78. gr.

Hver sá, sem samkvæmt framanskráðu hefir fengið leyfi til að haldasjónleik, samsöng eða einhverja þá skemtun eða sýningu, sem talin er hjer að framan, er skyldur til að sjá um, að ekkert það fari fram, sem brýtur í bág við reglu eða velsæmi. Ef brestur verður á þessu, er lögreglunni heimilt að slíta samkomunni og skipa áhorfendum og öðrum, sem við eru staddir, að fara í burtu. Lögreglustjóri getur og fyrirskipað skoðun á kvikmyndum og bannað sýningar, sem hann telur skaðlegar eða siðspillandi.

79. gr.

Húseigendur og húsráðendur geta bannað að sá, er leyfi hefir fengið til að halda skemtunir samkvæmt 75. og 77. gr., noti það á þeirra lóð. Sömuleiðis

63 er sjerhverjum sem hefir sjúkling á heimili sínu, eða ef aðrar gildar ástæður eru fyrir hendi, heimilt að krefjast þess, að engar almennar skemtanir, sem háreisti er að, sjeu hafðar svo nærri húsi hans, að hætta eða tjón geti af hlotist.

80. gr.

Við hvert veitingahús eða alment samkomuhús skal eigandinn láta gjöra örnahús, sem gestum er heimill aðgangur að. Skal veitingamaður eða húseigandi sjá um, að því sje ætíð haldið vel hreinu.

XI. KAFLI.

Um alment hreinlæti og þrifnað o. s. frv.

81. gr.

Á almannafæri má enginn fleyja hræjum, rusli eða öðrum óhreinindum. Í ræsi má eigi kasta neinu því, er stíflað getur.

Sorpi, slori, ösku eða öðrum óhreinindum, má eigi kasta í fjöruna ofar en svo að sjór taki það út. Innýfli úr skepnum, sem ekki eru notuð, skal láta í safngryfjur eða grafa þau í jörðu.

Skyldur er hver húsráðandi við götur bæjarins að láta sópa allan lausan hroða af götunni fyrir sinni lóð, er lögreglustjóri fyrirskipar.

Hey, svörð eða áburð eða annað þesskonar, sem slæðist við flutning, skal sá, er flutningnum ræður, skyldur að hreinsa samdægurs.

Mold, leyfar og rusl og verkefni, sem af húsbýggingu eða viðgerð á húsi stafar, skal færa jafnóðum burtu, svo langt ofan í fjöru, að sjór taki það út samdægurs.

Nú eru settar safngryfjur eða safnkassar á ýmsum stöðum í bænum, og eru menn þá skyldir til, ef bæjarstjórn ákveður svo, að setja slor og annan fiski-úrgang í safngryfjur eða safnkassa þessa, ef þeir eigi nota það sjálfir.

82. gr.

Áburður og annað slíkt, sem óþef leggur af, má aðeins flytja um götur bæjarins í vel þjettum vögnum og með loki yfir. Má eigi fylla þá svo, að neitt hrynji úr þeim meðan á flutningnum stendur.

83. gr.

Sorphauga, áburðarhauga, örnahús, forir eða því um líkt, má eigi hafa í nánd við götur eða stræti nje annarsstaðar þar, sem almenningur fer um, nema í gryfjum, nægilega byrgðum, og þarf þó til þess leyfi heilbrigðisnefndar, sem ákveður þeim stað. Örnahús skal vera við hvert hús þar, sem heilbrigðisnefnd ákveður.

84. gr.

Á húshliðum eða göflum, sem vita að götum, strætum eða torgum, má ekki hengja, negla eða festa á annan hátt neins konar fiskiföng nje annað, sem óþefur er af eða óþrifnaður, og ekki má heldur hafa fiskitrönur á almannafæri. 63
31. maí

85. gr.

Skepnum má eigi slátra á eða við götur bæjarins eða á almannafæri, heldur skal það gjört á lokuðum svæðum, innanhúss eða að húsabaki. Það er bannað að láta hunda koma á blóðvöll þegar slátrað er. Brot á banni þessu er á ábyrgð þess, sem slátra lætur.

86. gr.

Þeir sem saurrennur hafa frá húsum sínum, skulu hafa svo umbúið, að lokræsi sje. Allar saurrennur skulu hreinsaðar fjórum sinnum á ári, eða oftar, ef heilbrigðisnefnd telur nauðsynlegt.

87. gr.

Lifrabræðsla má eigi fram fara á lóð kaupstaðarins, nema þar sem heilbrigðisnefnd tilvísar. Skal við atvinnu þessa hlýða fyrirskipunum lögreglustjóra og heilbrigðisnefndar, sem að því lúta, að hættu sje afstýrt og allur þrifnaður viðhafður.

88. gr.

Stampa, opnar tunnur eða fót með lifur, grút eða áburði, má alls ekki hafa á almannafæri, eða neitt það, sem ódaun leggur af eða er til óþrifnaðar í bænum.

89. gr.

Heilbrigðisnefnd og lögreglustjóri ákveða, hvar síldar- og fiskverkun megi fram fara í bænum.

XII. KAFLI.

Um staðgildi samþyktarinnar, hegningarákvæði, kostnað o. fl.

90. gr.

Samþykt þessi gildir fyrir alt lögsagnarumdæmi Seyðisfjarðarkaupstaðar, en skal, nema hitt sje beint tekið fram, því aðeins beitt utan verslunarlóðarinnar, að það þyki við eiga og því verði við komið.

91. gr.

Með mál, sem rísa út af samþykt þessari, skal farið sem almenn lög-reglumál.

63

31. maí

92. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum alt að 1000 krónum, ef ekki liggur við þyngri hegning að lögum. Hagnaður sá, er sökunautur kann að hafa haft af brotinu, og enginn einstakur maður á löglegt tilkall til, skal upptækur ger og renna í bæjarsjóð. Ef kenna má yfirsjón, er barn yngra en 14 ára drýgir, skorti á hæfilegri umsjón foreldra eða annara, sem barninu ganga í foreldra- stað, þá skal refsa þeim fyrir yfirsjónina, en ekki barninu.

93. gr.

Ef einhver lætur það ógjört, sem er skylda hans samkvæmt samþykktinni, má lögreglustjóri láta framkvæma það, eða gjöra nauðsynlegar ráðstafanir til að hindra, að vanrækslan valdi tjóni. Kostnað við þetta, og kostnað, sem leiðir af þeim ráðstöfunum, sem lögreglustjóri gjörir til að hindra brot gegn samþykktinni, greiðir bæjarsjóður, en skyldur er hinn seki til að endurgreiða kostnaðinn að fullu.

94. gr.

Allan kostnað, sem leiðir af framkvæmd á samþykkt þessari og eigi verður krafist af einstökum mönnum, greiðir bæjarsjóður.

95. gr.

Sektir eftir samþykkt þessari renna í bæjarsjóð.

96. gr.

Með samþykkt þessari er úr gildi numin lögreglusamþykkt fyrir Seyðis- fjarðarkaupstað, 14. nóvember 1895, svo og öll önnur ákvæði, er kunna að koma í bága við samþykkt þessa.

97. gr.

Samþykkt þessi öðlast gildi 1. september 1922.

Þetta birtist hjermeð til leiðbeiningar öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 31. maí 1922.

Sig. Eggerz.

G. Sveinbjörnsson.